

# Norræn samtímalist

Á Kjarvalsstöðum hefur verið opnuð sýning á verkum norrænna samtímalistamanna. Sýningin ber yfirskriftina Líkamsnánd. Þar fjalla listamennirnir allir um mannlík- amann á einn eða annan hátt.

Líkaminn er m.a. sýndur sem tjáningartæki, tákn og samansafn einstakra líkamshluta.

Á meðal þeirra sem eiga verk á sýningunni eru: Ilkka Sariola, Satu Kiljunen, Olli Summanen og Philip von Knorring frá Finnlandi og Marianne Heske frá Noregi.

Íslensku þátttakendurnir eru:

Þorvaldur Þorsteinsson, Helgi Þor- gils Friðjónsson, Hulda Hákon, Daði Guðbjörnsson og Birgir Snæbjörn Birgisson.

Sýningin er samstarfsverkefni fimm norrænna safna. Markmiðið með henni er m.a. að kynna mynd-

listina fyrir unglingum. Þess vegna verður boðið upp á leiðsögn fyrir nemendur í eldri bekkjum grunn- skóla og framhaldsskóla um sýning- una.

Sýningin stendur til 1. mars og er opin alla daga, milli kl. 10 og 18.

## List fyrir augu og eyru

Þriðja árs nemar í grafíkdeil MHI hafa opnað sýningu á sam- vinnuverkefninu Box í Galleríi Sýniboxi við Vatnsstíg. Verkið er grafískur skúlptúr gerður fyrir Sýniboxið. Höfundar eru: Elínóra Kristinsdóttir, Fríða María Harð- arðóttir, Hadda Fjöla Reykdal, Halldór Eiríksson, Helga Fanney Jóhannesdóttir, Helgi Snær Sig- urðsson, Karl Emil Guðmundsson og Sigrún Þorsteinsdóttir.


Listamaðurinn Húbert Nói sýn- ir í farandgalleríinu Barmi nú í janúar. Þar sýnir hann loftmynd af Reykjavík. Berandi gallerisins að þessu sinni eru Howie B.

Í Galleríi Hlust er leikin hljóð- mynd verksins Afpreying fyr- ir tvo eftir Pétur Örn Frið- ríksson. Hægt er að hlusta á verkið í gegn- um síma Galleris Hlustar sem er 551 4348.

Margir þjóðþekktir Ís- lendingar hafa borið verk úr farandgallerí- inu Barmi, þ. á m. Val- gerður Matthíasdóttir.



Birgir Snæbjörn Birgisson er einn þeirra sem eiga mynd á sýningunni Líkamsnánd.



Verk eftir Þorvald Þorsteinsson.



## KVIKMYNDAFÖRÐUN

Með viðurkenndum gestakennara frá ELEGANCE förðunarskólanum í Los Angeles sem m.a. er kennari brellumeistaranna úr JURASSIC PARK, THE MASK og tónlistarmyndbanda MICHAEL JACKSON.

Námið byggir á grunnförðun fyrir kvikmyndir og sjónvarp, m.a. undirstöðuatriði í skegg- vinnu, meðferð á hárkollum, lausir hlutir í andlit unnið úr gífsi og latex, brelluförðun, öldrun, ynging og ósýnileg förðun. Farið er í heimsókn til kvikmyndafyrirtækja, fylgst með upptökum, viðtal við leikstjóra og kvikmyndagerðamenn.



Förðunarskóli Íslands  
GRENSÁSVEGI 13, 2. HÆÐ, 108 REYKJAVÍK

INNÞRITUN Í SÍMA: 588 7575 OG 588 7599

TAE KWON-DO  
ÞÍN VEGNA

ANDLEG OG LÍKAMLEG  
UPPBYGGING  
OG ÞJÁLFUN



Yfirþjálfarar:  
Michael Jørgensen, 4. Dan  
Ólafur Björnsson, 1. Dan

ÆFINGAR ERU AÐ HEFJAST  
Í ÍR-HÚSINU VIÐ SKÓGARSEL

Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud	Fimmtud.	Laugard.
19:40 Byrjendur	18:50 Barnahópur	19:40 Byrjendur	18:50 Barnahópur	10:30 Framhald
21:00 Framhald	19:50 Framhald	21:00 Framhald	19:50 Byrjendur	12:10 Byrjendur

ATH. Ókeyppis þrúfutími !

ALLAR NÁNARI  
UPPLÝSINGAR Í SÍMA: 557 5013

